

Gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Álftaneshrepps í Borgarbyggð

1. grein

Vatnsgjald Vatnsveitu Álftaneshrepps er 0,3% af fasteignamati þeirra húsa sem tengd eru vatnsveitunni en þó að hámarki kr. 30.000,- á hverja jörð eða sumarhús.

2. grein

Til viðbótar vatnsgjaldi sem fram kemur í 1. grein skal notandi greiða aukavatnsgjald sem nemur kr. 31,25 kr/m³. Vatnsnotkun skal áætluð í samræmi við búfjárskýrslu og skal miða við eftirfarandi töflu:

Kind	5 l/dag
Geldneyti	26 l/dag
Kálfar	13 l/dag
Kýr	65 l/dag
Hross	17,5 l/dag
Svín	10 l/dag
Grísir	5 l/dag

Þegar mælir hefur verið settur upp hjá notendum skal aukavatnsgjaldið innheimt samkvæmt notkun.

3. grein

Vatnsgjald skv. 1. gr. skal innheimt með fasteignagjöldum en aukavatnsgjald skal innheimta sérstaklega og er gjalddagi þess 01. maí og eindagi mánuði síðar.

4. grein

Gjaldskrá þessi er samin með heimild í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga og 11. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005.

5. grein

Gjaldskrá þessi gildir frá og með 01. janúar 2021.

Samþykkt af sveitarstjórn Borgarbyggðar 09. desember 2020.